

Viðskiptanefnd Alþingis

Nefndasvið

**Málefni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, 343. mál.**

Sparisjóðirnir á Íslandi eru aðilar að SFF, Samtökum fjármálafyrirtækja og hefur SÍSP, Samband íslenskra sparisjóða fyrir þeirra hönd tekið þátt í mótun umsagnar SFF um frumvarpið. SÍSP vill því undirstrika að sparisjóðirnir á Íslandi standa á bak og styðja umsögn SFF.

Þrátt fyrir það vill SÍSP áréttta nokkur atriði sem eru sparisjóðunum sérstaklega mikilvæg:

5. grein

Það er sérstaklega mikilvægt fyrir sparisjóði að undanþágan samkvæmt 77. grein laganna fái að standa. Í umsögn SFF er bent á að undanþágar eru veittar frá þessu ákvæði í nágrannalöndum okkar með sérstakri tilvísun til sparisjóða. Auk þess má benda á að sparisjóðir sem hafa verið lengst frá því að uppfylla lágmarkið hafa staðið hrun íslenska fjármálakerfisins af sér. Þannig myndu aðgerðir sem beint væri að því að koma í veg fyrir að slíkt hrun endurtaki sig hitta verst fyrir þá sparisjóði sem áttu enga sök á hruninu og stóðu það betur af sér en þeir stóru.

11. grein

Lykillinn að hagræðingu innan sparisjóðanna er að þeir nýti sér heimildir í lögum til samstarfs og sameiginlegrar vinnu ýmissa þátta sem m.a. snúa að eftirliti, innri endurskoðun, áhættustýringu og fleiri þátta. Ákvæði greinarinnar gætu komið í veg fyrir samstarf á þessu sviði og væri því sérstaklega skaðlegt fyrir sparisjóðina.

35. grein

Sparisjóðirnir lýsa fullum skilningi og stuðningi við að gerðar séu kröfur um hæfni og reynslu þeirra sem stjórna fjármálafyrirtækjum. Þrátt fyrir það vill SÍSP benda á að háskólapróf er ekki trygging fyrir hæfni til að stjórna sparisjóði fremur en á mörgum öðrum sviðum.

SÍSP mótmælir sérstaklega þeim miklu skorðum sem eru settar á það hverjir geta setið í stjórn. Þessar hömlur geta hitt sparisjóðina sérstaklega illa fyrir, þar sem sparisjóðafjölskyldan samanstendur af mörgum sjálfstæðum fyrirtækjum sem saman mynda eina heild.

40. grein

Eins og áður segir leggja sparisjóðirnir mikla áherslu á að undanþágan í 77. grein fái að halda sér.

41. grein

Stofnfé vantar í upptalninguna fyrir eiginfjárbátt A. Sparisjóðirnir skilja mætavel áherslu eftirlitsaðila á öryggi og styrk fjármálastofnana. En hinu má ekki gleyma, að bankar og sparisjóðir eru nauðsynlegir fyrir endurreisn og virkni efnahagslífsins. Regluverk og öryggiskröfurnar mega ekki kyrkja efnahags- og atvinnulíf. Því verður að stíga varlega til jarðar þegar reglur eru hertar.